

# 58. fundur bæjarráðs

58. fundur bæjarráðs Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn fimmtudaginn 3. desember 2015 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 08:10.

**Mætt:** Gunnar Egilsson, formaður, D-lista, Sandra Dís Hafþórsdóttir, bæjarfulltrúi, D-lista, Íris Böðvarsdóttir, varamaður, B-lista, Eyrún B. Magnúsdóttir, varamaður, áheyrnarfulltrúi, Æ-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, S-lista, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, sem ritaði fundargerð.

Formaður leitaði afbrigða að taka á dagskrá fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 2. Desember, var það samþykkt samhljóða.

## Dagskrá:

Fundargerðir til staðfestingar	
1.	<a href="#">1501026 – Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar</a>
	-liður 14, mál nr. 151199, umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir rannsóknarborholum, umsækjandi Selfossveitur. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að umsóknin verði samþykkt. -liður 20, mál nr. 1512004, umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir götulýsingu við Vatnsdal á Stokkseyri, umsækjandi Sveitarfélagið Árborg. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að umsóknin verði samþykkt. Fundargerðin staðfest.
Fundargerðir til kynningar	
2.	<a href="#">1501278 – Fundargerð stjórnar SASS</a>
	<i>500. fundur haldinn 19. nóvember</i>

	<p>-liður 3, ART- verkefnið, bæjarráð Árborgar tekur undir áhyggjur stjórnar SASS vegna fyrirhugaðra áætlana ríkisstjórnar um að leggja niður ART- verkefnið á Suðurlandi. Skorað er á þingmenn Suðurlands að standa vörð um þetta mikilvæga verkefni og óskað er eftir að félags- og húsnæðismálaráðherra gangi strax frá nýjum samningi um ART- verkefnið til frambúðar. Bent er á að það að fella verkefnið niður er í hróplegu ósamræmi við nýframkomna stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum en þar er sérstaklega fjallað um geðræktarstarf í skólum. Fundargerðin lögð fram.</p>
3.	<p><b><u>1502042 – Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga</u></b></p>
	<p><i>832. fundur haldinn 20. nóvember</i></p>
	<p>-liður 3, bæjarráð Árborgar fagnar því að unnið sé markvisst að breytingum á skiptingu tekjustofna milli ríkis- og sveitarfélaga. Fundargerðin lögð fram.</p>
<p><b>Almenn afgreiðslumál</b></p>	
4.	<p><b><u>1511145 – Beiðni Jens Sigurðssonar, dags. 10. nóvember 2015, um leigu á netaveiði við Óseyrarnes sumarið 2016 og til lengri tíma</u></b></p>
	<p>Bæjarráð hefur ekki hug á að leigja út netaveiði fyrir landi Óseyrarness.</p>
5.	<p><b><u>1511182 – Styrkbeiðni Fischerseturs, dags. 25. nóvember 2015, vegna húsaleigu Fischersetursins 2015</u></b></p>
	<p>Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu. Almennt veitir sveitarfélagið ekki styrki til greiðslu húsaleigu félagasamtaka.</p>
6.	<p><b><u>1511234 – Beiðni félagasamtakanna 825 Þorparinn, dags. 21. september 2015, ásamt undirskriftarlista um að draga úr götulýsingu á Stokkseyri í tilraunaskyni, verkefnið „Stokkseyri rómantískasti bær á Íslandi?“</u></b></p>

	Bæjarráð þakkar áhugavert erindi og felur framkvæmdastjóra framkvæmda- og veitusviðs að leita leiða til að útfæra stýringar á lýsingunni.
<b>Erindi til kynningar</b>	
7.	<a href="#"><u>1511184 – Bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 23. nóvember 2015, þar sem vakin er athygli á breytingum á eldri lögræðislögum</u></a>
	Lagt fram.
8.	<a href="#"><u>1511210 – Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. nóvember 2015, leiðbeiningar fyrir almannavarnanefndir</u></a>
	Lagt fram.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 9:10

Gunnar Egilsson		Sandra Dís Hafþórsdóttir
Íris Böðvarsdóttir		Eyrún B. Magnúsdóttir
Arna Ír Gunnarsdóttir		Ásta Stefánsdóttir